

Tillaga til þingsályktunar

um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga
á sviði skógræktar og landgræðslu.

Flm.: Jón Gunnarsson, Haraldur Benediktsson, Vilhjálmur Árnason,
Vilhjálmur Bjarnason, Ásmundur Friðriksson, Höskuldur Þórhallsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að efla skógrækt á Íslandi sem arðsaman atvinnuveg með því að:

- stórefla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt með áherslu á framleiðslu viðarafurða, framleiðni og arðsama skógrækt,
- færa Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins og landshlutaverkefni í skógrækt í eina stjórnsýslueiningu,
- semja frumvarp að nýjum samræmdum lögum um skógrækt og landgræðslu,
- móta starfsumhverfi með rammaáætlun til þriggja ára til eflingar skógrækt með þátttöku bænda, annarra landeigenda og sérstakra skógræktarsjóða.

Greinargerð.

Líkt og orkan, fiskurinn í sjónum og fegurð náttúrunnar eru vel þekktar auðlindir þá hefur jarðvegur, gróður og skógur ekki síður skapað þjóðinni lífsgæði og efnahagslegt sjálfstæði. Í því skyni að þessar mikilvægu auðlindir verði áfram tryggðar og jafnframt eflar er nauðsynlegt að efla og styrkja stjórnkerfi, leita nýrra leiða við fjármögnun verkefna, virkja efnahagslega hvata og horfa til þess að efla búsetu og byggð.

Mikil og vaxandi spurn er eftir viðarafurðum á Íslandi. Til að innlend framleiðsla geti m.a. mætt þeirri eftirspurn þarf að fara nýjar leiðir í skógrækt sem skila afurðum fyrr og með arðsemi sem er ásættanleg á almennum markaði. Á sama tíma þarf að efla hnitmiðuð rannsókn- og þróunarverkefni sem styrkja bakland slíkra verkefna.

Nauðsynlegt er að kanna og laða að fjárfestingar m.a. sjóða, einstaklinga og félaga fyrir eigin reikning í arðsamri skógrækt á Íslandi, en slík fjárfesting er vel þekkt erlendis. Þrennt hefur öðru fremur hindrað fjárfestingu einkaaðila í nytjaskógrækt hér á landi; a) langur biðtími frá fjárfestingu til tekjugæfrar nýtingar, b) óvissa um markað fyrir afurðir og c) vantrú á að skógrækt í norðlægu, skóglausu landi geti skilað arði.

Til að hætta fé sínu í nýrri fjárfestingarleið með langan biðtíma fram að fyrstu tekjum þarf að skapa, a.m.k. tímabundið, skammtímahvata fyrir fjárfesta. Skattaívilnun þar sem fjárfesting í viðurkenndum skógræktarsjóði væri frádráttarbær frá skattstofni er líkleg til að mynda þann skammtímaávinning. Síðar þegar meiri reynsla hefur skapast á markaði mætti afnema þennan sérstaka fjárfestingarhvata.

Langtímaleiga á landi til skógræktar getur styrkt byggð í dreifbýli og dregið, er fram líða stundir, úr þörf fyrir framleiðslustyrkjum í landbúnaði, þ.m.t. í skógrækt. Slíkt eflir skilyrði til atvinnuuppbyggingar í dreifbýli, þar sem atvinna við ræktun, umhirðu og nýtingu skóga verður fyrst og fremst til í dreifbýli.

Önnur leið sem hentar betur fjárfestingu lífeyrissjóða er að ríkið bjóði gróðursetningarstyrk sem væri föst krónutala á hektara.

Nauðsynlegt er að skipulag og stjórnsýsla málaflokksins sé samræmd. Með þeim hætti má ná fram betri og skilvirkari árangri í skógrækt og landgræðslu. Jafnframt er nauðsynlegt að á sama tíma verði sett ný lög um skógrækt og landgræðslu sem tryggi bakland og lagalegan grunn málaflokksins og leggi um leið grunn að nýrri sókn í skógrækt og landgræðslu.

Upphaflega var málaflokkurinn hér á landi undir sömu stjórn eða frá árinu 1907. Málaflókkar skógræktar og landgræðslu eru náskyldir og víða erlendis og í nágrannalöndum undir sömu stjórnsýslustofnun.

Sameining stofnana og verkefna hefur mikla hagræðingu í för með sér og má m.a. benda á sameiningu starfsstöðva og rekstrarhagræðingu í yfirstjórn. Auk þess er margt sem gæti um leið leitt til betri skilvirkni m.a. þegar horft er til gagnaöflunar, rannsókna, samnýtingar tækjakosts, búnaðar o.fl.

Landgræðum hefur hrakað mikið hér á landi frá landnámi vegna meðal annars vegar tíðarfars, náttúruhamfara, svo sem eldgosa og ósjálfbærrar landnýtingar. Eyðing skóga á Íslandi er einhver sú mesta sem þekkt í nokkru landi, en talið er að um 97% upprunalegu skóganna hafi eyðst frá landnámi. Nær samfelld gróðurþekja sem huldi landið hefur rýrnað til mikilla muna með neikvæðum afleiðingum fyrir náttúru landsins og lífsskilyrði þjóðarinnar. Gróður- og jarðvegseyðing hefur rýrt frjósemi lands og haft slæm áhrif á vatnsmiðlun.

Á árinu 1997 lauk heildarúttekt á jarðvegsrofi á Íslandi, sem unnin var af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins. Niðurstöður hennar sýndu umtalsvert eða alvarlegt jarðvegsástand á 52% landsins þegar hæstu fjöll, jöklar, ár og vötn eru undanskilin. Niðurstöðurnar undirstrika að enn er mikið verk fyrir höndum við stöðvun jarðvegseyðingar og að ástandið er ekki eðlilegt né í samræmi við umhverfisskilyrði.

Krefjandi verkefni kalla á styrka stjórnsýslu sem skilar öflugu starfi. Með því að sameina krafta þessara stofnana verður hægt að takast á við þau miklu verkefni sem blasa við.

Lög um skógrækt og landgræðslu eru með margvíslegum hætti orðin úrelt. Lög um skógrækt eru að stofni til frá árinu 1955 og lög um landgræðslu frá árinu 1965. Þá voru sett lög um landshlutabundin verkefni sem voru síðar samræmd árið 2006. Ýmis úrræði sem vert er að taka á er varða landgræðslu og skógrækt, svo sem beitarfriðun, skógarhögg, ruðning skóga eða búfjárbætur, eru með þeim hætti að ekki er hægt að taka á þeim með eðlilegum hætti í núverandi lögum. Mörg mál hafa komið fram á síðustu árum og missirum sem sýna að löggjöfin takmarkar úrræði.

Unnið hefur verið að því undanfarin ár að endurskoða lög um landgræðslu og skógrækt. Nauðsynlegt er að nýta þá vinnu eins og hægt er, auk þess sem gætt verði samræmis við aðra landnýtingu, landbúnað, náttúruvernd og ferðaþjónustu, auk annarra laga og reglugerða.

Þrátt fyrir að lagt sé til í þingsályktunartillögunni að stjórnskipulagi sé breytt er áhersla lögð á að verkefni landshlutaverkefnanna skógrækt séu eflað. Talið er að skógrækt á vegum landshlutaverkefnanna skapi atvinnutækifæri í dreifbýli og byggji upp skógarauðlind sem treysti byggð og fjölbreytni í atvinnulífi.

Með tilkomu landshlutaverkefna í skógrækt hefur skógrækt á lögbýlum aukist undanfarin ár. Landshlutaverkefni eru fimm talsins eins og áður var drepið á og starfa sjálfstætt. Skógræktarverkefni eru hvert og eitt með eigin stjórn sem ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur.

Tilkoma þessara verkefna á rætur að rekja til ársins 1970 þegar samþykkt voru lög um Fljótsdalsáætlun með það að markmiði að rækta skóg í samvinnu við bændur á nokkrum jörðum í Fljótsdal. Athyglisvert þótti að búsetuþróun var jákvæð í þeim hreppum sem voru

aðilar að verkefninu, en á sama tíma varð fólksfækkun í öðrum sveitarfélögum á Austurlandi. Árið 2006 voru þau lög sem áður höfðu gilt um landshlutaverkefni í skógrækt endurskoðuð, ásamt lögum sem gilt höfðu um Héraðsskóga og Suðurlandsskóga. Alþingi samþykkti ný lög um landshlutaverkefni í skógrækt, 95/2006, og starfa nú öll verkefni eftir þeim lögum.

Fjárveitingar til skógræktar hafa verið skornar niður um liðlega 40% að raunvirði og á það jafnt við landshlutaverkefni í skógrækt, Skógrækt ríkisins og aðra skógræktaraðila. Í 1. gr. laga um landshlutaverkefni segir: „Í því skyni að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf, skal eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til verkefna í skógrækt sem bundin eru við sérstaka landshluta. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli.“ 5% af landi neðan 400 m hæðar yfir sjó eru samtals 214.000 hektarar. Árið 2010 voru 576 skógarbændur með samning við landshlutaverkefni í skógrækt um 48.100 hektara lands. Þá var búið að gróðursetja í 18.400 hektara af þessu landi. Byggðamarkmið verkefnanna hafa náðst og nánast öll framleiðsla og vinna við skógræktina er í hinum dreifðu byggðum. Atvinnusköpun í landshlutaverkefnum í skógrækt fyrir árin 2001–2010 hafa verið metin og á þessu tímabili voru á ári hverju að meðaltali 81 launað ársverk auk um 50 óbeinna ársverka í nærsamfélaginu. Þar að auki skiluðu skógarbændur um 20 ársverkum í ólaunaðri sjálfböðavinnu við ræktun sína.

Með meiri fjárveitingum mun ganga hraðar að fylla í ógróðursett skógræktarsvæði og um leið tryggja meiri viðarafurðir um og upp úr miðri öldinni. Þá er nauðsynlegt að samfara auknum fjármunum sem hið opinbera leggur til eflingar skógræktar verði gerðar enn ríkari kröfur um faglega uppbyggingu í greininni. Skal þar m.a. fara fram sérstakt landsvæðamat á landi til skógræktar, þar sem arðsemismat verður lagt til grundvallar staðarvali og fjárveitingum.

Til þessa hefur skógrækt nánast alfarið verið fjármögnuð með framlögum ríkis og fáeinna sveitarfélaga. Til að mæta innlendri spurn eftir iðnviði þarf nýja fjármögnun sem ekki hvílir á skatttekjum og ræktunaraðferðir sem skila viðarafurðum fyrr og í meira mæli en hefðbundin nytjaskógrækt.

Þrátt fyrir hátt markaðsverð á landi kynnu landeigendur að vilja leigja land sitt að hluta eða allt til skógræktarsjóðs sem greiddi fasta árlega leigu. Þessir leigusamningar yrðu að vera til langs tíma t.d. til 50 ára eða lengur.

Hraða þarf endurreisn skógarauðlindar á Íslandi í þágu lands og þjóðar. Samkvæmt skógræktarstefnu sem gefin var út og kynnt í febrúarmánuði 2013, er markmiðið að tífalda þekju skóga fyrir aldamótin 2100, þannig að skógar Íslands vaxi úr núverandi 1,2% í a.m.k. 12% af flatarmáli Íslands. Í stefnunni er áhersla lögð á að auka skógrækt þar sem viðarnytjar eru meðal markmiða og að tryggja að umfang, framleiðsla og gæði skógarauðlindarinnar geti staðið undir arðbærum nytjum. Ná skuli sem mestum ávinningi af stækkandi skógarauðlind Íslands á sjálfbæran hátt, ýta undir þróun úrvinnsluáætlana og samþætta skógrækt öðrum landnýtingarkostum og atvinnugreinum. Í skógræktarstefnunni er einnig fjallað um nauðsyn þess að efla rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt. Í sömu stefnu er einnig fjallað um „Landsáætlun í skógrækt“ þar sem verði fjallað um: a) rannsóknir á öllum sviðum skógræktar, b) menntun á sviði skógfræði, c) ráðgjöf til skógræktenda og aðra miðlun þekkingar, d) hvata til aukinnar skógræktar, þ.m.t. fjárhagslega, félagslega og umhverfislega, e) þjónustu opinberra aðila við skógræktendur, f) nauðsynlegar lagabreytingar, g) mælanleg markmið, vísa, vöktun og mat á árangri.

Með vísan til þeirra þátta sem vísað er til í tillögu og greinargerð er ljóst að tækifæri til fjölþættrar atvinnuuppbyggingar í skógrækt og landgræðslu eru mikil. Mikil þekking liggur nú þegar fyrir hjá þeim stofnunum sem unnið hafa að þessum málaflokkum um áratuga skeið. Ekki er að efa að sá mikli mannaúður og sú þekking muni nýtast afar vel í öflugri landnýtingar- og landbótastofnun sem hér er lagt til að taki við hlutverki framangreindra stofnana. Það er því afar mikilvægt að stjórnvöld leggi sitt af mörkum svo hraða megi uppbyggingu í greininni og leggja þannig grunn að atvinnuvegi sem í náninni framtíð kann að verða ein af kjarnastöðum íslensks atvinnulífs.